

Nd.

142. Frumvarp til laga

[96. mál]

um breyting á lögum nr. 51/1960 og lögum nr. 51/1962, um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

1. gr.

2. töluliður 37. gr. laga nr. 60/1957 orðist svo:

2. í læknadeild 13.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Háskóli Íslands hefur samið áætlun um fjölgun prófessorsembætta við háskólann næstu 10 ár. Meðal embætta, sem ráðgert er að stofna samkvæmt þeirri áætlun, er prófessorsembætti í lífeðlisfræði. Frumvarp þetta gerir ráð fyrir stofnun slíks embættis.

Í greinargerð háskólarektors um stofnun prófessorsembættis í lífeðlisfræði, dags. í ágúst s. l., segir svo:

„Í 10 ára áætlun um fjölgun prófessora við Háskóla Íslands er einu prófessorsembætti í læknisfræði skipað á fyrsta árið, 1964. Samkvæmt upplýsingum deildarforseta er það ósk deildarinnar, að þetta embætti verði í lífeðlisfræði, þannig að núverandi prófessorsembætti í lífeðlis- og lífefnafræði verði skipt í tvö embætti, prófessorsembætti í lífefnafræði og prófessorsembætti í lífeðlisfræði. Jafnframt leggur læknaeild áherzlu á, að dósentstörfum í fæðingarhjálp og kvensjúðómum svo og röntgenfræðum verði breytt í prófessorsembætti. Vil ég eindregið styðja þau tilmæli, enda verður ekki séð, að neinn sérstakur kostnaðarauki sé samfara þeirri breyttu embættaskipan, sbr. bréf mitt, dags. 29. júní 1964, út af 10 ára áætluninni. Enn vil ég leyfa mér í því sambandi að árétta ábendingu mína í nýnefndu bréfi um breytingu á dósentstarfi í lyfjafræði lyfsala í prófessorsembætti. Sárálitill kostnaðarauki er samfara þeirri breytingu, en hins vegar er það mikið nauðsynjamál fyrir lyfjafræðideildina, að þar fáiast prófessor í greininni til forstöðu og skipulagningar.

Um skiptingu prófessorsembættis í lífefnafræði og lífeðlisfræði í tvö prófessorsembætti skal þegar á það bent, að óskað var eftir slíkri skipan með bréfi Háskólans frá 26. marz 1962. Fylgdi því bréfi greinargerð prófessors Davíðs Davíðssonar, sem hér með er vísað til. Í nýrri greinargerð, er prófessor Davíð hefur nú samið að ósk minni, er bæði vikið að nauðsyninni á hinni breyttu skipan svo og að húsnæðismálum og aukinni verklegri aðstoð í sambandi við þessi embætti. Fer greinargerð prófessorsins hér á eftir í heild sinni:

„Þegar undirritaður réðist að læknaeild Háskóla Íslands sem prófessor í lífeðlis- og lífefnafræði haustið 1957, var strax bent á nauðsyn þess að skipta þessu starfi í 2 prófessoröt. Þessu til rökstuðnings var m. a. sú staðhæfing, að það er hverjum einstökum manni um megn að annast kennslu í jafn víðfeðmum rannsóknar- og kennslugreinum og hér um ræðir, einfaldlega sakir skorts á nægri þekkingu og skorts á nægilegri starfsþjálfun. Þessar greinar krefjast mjög ólíks starfsundirbúnings, enda mun það óþekkt í dag, að þær séu við nokkurn háskóla tengdar í eitt embætti, enda þótt margir aðstoðarkennarar taki þátt í kennslu.

Lífeðlisfræði fjallar um starfshætti lífvera, eins og þeir eru rannsakaðir og skýrðir með eðlisfræðilegum aðferðum og lögmálum.

Lífefnafræði fjallar um efnafræðilega starfshætti lífvera.

Báðar þessar greinar eru tilraunavísindi. Kennsla í þeim verður því fyrst og fremst að byggjast á hnitmiðuðum verklegum tilraunum. Án verklegra tilrauna mótast námið um of af kennisetningum (dogma). Verkleg kennsla krefst aðstoðarfólks.

Húsnæði.

Fyrir 6 árum var innréttað húsnæði í kjallara Háskólans til verklegrar kennslu í lífeðlis- og lífefnafræði. Þetta húsnæði hefur að mestu verið ónotað til þessarar kennslu, þar sem ekki hefur enn fengizt fé til kennslutækjakaupa eða til greiðslu fastrar aðstoðar. Verkleg kennsla, svo nauðsynleg sem hún er, hefur því nánast verið engin. Aftur á móti hefur verið reynt að veita stúdentum nokkra verklega kennslu í lífefnafræði, en hún hefur farið fram í rannsóknarstofum Landspítalans, þegar daglegri vinnu hefur verið lokið þar. Hún hefur farið fram á tímabilinu kl. 3.30—8 e. h. Hefur notið þar hjálpar aðstoðarfólks rannsóknarstofanna og aðstoð-

arlæknis. Notuð hafa verið rannsóknartæki spítalans, sem eru þó óheppileg til kennslu.

Aðstaða til þessarar verklegu kennslu á Landspítalanum er ekki lengur fyrir hendi.

Kennslutæki.

Ekki verður lengur hjá því komizt að afla tækja til verklegrar kennslu bæði í lífefnafræði og lífeðlisfræði. Enn fremur þarf að tryggja næga aðstoð við verklega kennslu.

Tækjakostnaður á 1. ári til að hægt sé að hefja þessa kennslu er ca. kr. 200 000.00 til lífeðlisfræði og sama upphæð til lífefnafræði. Er hér aðeins miðað við brýnustu nauðsynjar og óhjákvæmilegt að auka tækjakost árlega næstu ár.

Sjálfsgagt er að skipta stúdentum í hópa í verknáminu. Það sparar bæði tæki og aðstoðarfólk. Umrætt húsnæði í kjallara fullnýttist til þessarar kennslu alla virka daga vikunnar. Reiknað er með jöfnum afnotum þessara tveggja kennslugreina.

Aðstoð.

Ráða þarf strax þjálfaða rannsóknarstúlku til aðstoðar við verkkenndluna, og væri það fullt starf yfir háskólaárið. Eðlilegt væri að fá slíka aðstoð frá Landspítalanum gegn greiðslu, en stúlkan gæti síðan unnið við sumarafleysingar á rannsóknarstofu hans.

Enn fremur verður að gera ráð fyrir að fá lífefnafræðing eða efnafræðing til að leiðbeina stúdentum við tilraunir í lífefnafræði, gæti það verið sem stundakennsla, svipað og nú er haft við verklega kennslu í efnafræði.

Varla er um tilsvarendi aðstoð að ræða í lífeðlisfræði fyrst um sinn, en líklegt að hægt verði að nota aðstoð góðra stúdenta, þegar þeir hafa lokið námskeiðinu.

Hér að ofan hefur verið lýst í nokkrum orðum ástandi því, sem ríkir í kennslu lífeðlis- og lífefnafræði við læknadeild Háskóla Íslands. Enn fremur tillögur um skiptingu núverandi prófessorsembættis og bent á brýnustu þarfir um kennslutæki og aðstoð.“

Til viðbótar þeim athugasemdum, sem að framan greinir, vil ég leyfa mér að setja fram nokkur sjónarmið í sambandi við prófessorsembætti í lífeðlisfræði frá sjónarmiði Háskólans í heild sinni. Mér virðist ljóst, að mikil þörf verði á kennslu í lífeðlisfræði, ekki eingöngu í læknadeild, heldur og í þágu annarra greina. Á ég þar við náttúrufræði, sem stofnað mun verða til kennslu í á næstunni, ef að líkum lætur, svo og e. t. v. síðarmeir í greinum eins og landbúnaðarvísindum (fyrri hluta) og greinum eins og haffræði og ýmsum greinum fiskifræði, en allar horfur tel ég vera á því, að slíkar greinar verði kenndar eftir stutt árabíl hér við Háskólann. Lífeðlisfræði er grundvallargrein í slíkum fræðum öllum, og ber brýna nauðsyn til að setja á stofn hið fyrsta prófessorsembætti í þessari grein.“

Þess skal getið, að í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1965 er gert ráð fyrir fjárveitingu til að launa væntanlegan prófessor í lífeðlisfræði og 500 þús. kr. fjárveitingu til stofnkostnaðar lífeðlisfræðideildar við læknadeild.